**Fundur í fræðslunefnd Skaftárhrepps**

**haldinn miðvikudaginn 3. mars 2021, á Kirkjubæjarstofu – þekkingarsetri, Kirkjubæjarklaustri.**

**Fundur nr. 175.**

Mættir eftirtaldir fundarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson, Anna Magdalena Buda, Jón Hrafn Karlsson, Arndís J. Harðardóttir og Sigurður Arnar Sverrisson.

**Kl. 16:00 – Fræðslunefnd.**

1) Staða fræðslumála frá síðasta fundi.

Kynnt

2) Önnur mál.

Engin önnur mál

**Kl. 16:30 – Tónlistarskóli Skaftárhrepps.**

Zbigniew Zuchowich, skólastjóri, boðaði forföll en óskaði eftir bókun sem tekin er fyrir undir fyrsta lið.

1) Starfsemi vorannar í tónlistarskólanum.

Gerður var jóladiskur með efni nemenda á rafrænu formi. Diskurinn var einungis aðgengilegur foreldrum.

Nemendum á vorönn fjölgaði um fjóra talsins og eru nú alls 19 í fjölbreyttum kennslugreinum.

Nokkrir nemendur fara í stigspróf í vor, í samvinnu við Tónlistarskólann í Vík.

Um leið og rýmkað verður á sóttvarnarreglum eykst samspil nemenda og koma þeir t.d. með að spila á kirkjuathöfnum.

2) Önnur mál.

Formanni fræðslunefndar falið að ræða við skólastjóra tónlistarskóla um samspil nemenda.

**Kl. 17:00 – Heilsuleikskólinn Kæribær.**

Mættir eru Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri og Bjarni Bjarnason fulltrúi foreldra.

1) Breyting á skóladagatali

Fræðslunefnd samþykkir breytingu á skóladagatali , 2 skipulagsdagar sem ætlaðir voru til námsferðar færast yfir á skóladagatal 2021-2022.

2) Starfsmannamál

Starfsmannamálin voru rædd en við leikskólann starfa 15 starfsmenn í 12 stöðugildum. Útlit er fyrir að í haust verði 40 börn í leikskólanum.

Stefnt er að námskeiði fyrir starfsmenn og í því gæti falist aukinn kostnaður við sí- og endurmenntun. Fræðslunefnd leggur áherslu á að starfsmenn fái þetta námskeið.

3) Fyrirhuguð stækkun á leikskólanum

Leikskólastjóri kynnti fyrirhugaða stækkun á leikskólanum sem verður rúmlega 100 fermetrar og áætlað er að framkvæmdir hefjist 1. júní

**Kl. 17:45 – Kirkjubæjarskóli**

Mætt eru Katrín Gunnarsdóttir skólastjóri , Inga Lóa Hannesdóttir fulltrúi kennara og Auður Guðbjörnsdóttir fulltrúi foreldra.

1) Viðbrögð við niðurstöðu spurningarkönnunar

Skólastjóri fer yfir viðbrögð skólans við niðurstöðu foreldrakönnunar. Skólastjóri kemur til með að kynna umbótaáætlun á næsta fundi fræðslunefndar og skila henni skriflega.

2) Starfsmannamál

Auglýstar verða lausar stöður umsjónarkennara , sérkennara og stuðningsfulltrúa fyrir veturinn 2021-2022

3) Önnur mál

ART verkefnið rætt.

Rætt um að Kirkjubæjarskóli kynni sér jarðvangsskóla verkefnið.

Fleira ekki gert , fundi slitið kl 18:45

Þorsteinn M. Kristinsson

Anna Magdalena Buda

Jón Hrafn Karlsson

Arndís Harðardóttir

Sigurður Arnar Sverrisson